

Mývatnsstofa ehf.  
Hlíðavegur 6  
660 Mývatn

Reykjavík 27. mars 2018  
UST201803-345/I.M.B.  
09.07.01

### **Efni: Umsókn um leyfi til utanvegarhlaups í Dimmuborgum**

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Mývatnsstofu ehf., dags. 20. mars 2018, um að halda utanvegarhlaup frá Jarðböðunum, í gegnum Vogaland og endar í Dimmuborgum þann 25. maí 2018.

Dimmuborgir eru friðlýstar sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 1262/2011. Sérstakt leyfi Umhverfisstofnunar þarf fyrir öllum athöfnum og viðburðum svo sem stærri samkomum og kvikmyndun.

Hverfjall (Hverfell) er friðlýst sem náttúruvætti sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum B, nr. 1261/2011.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi fyrir að halda 7.6 km langt utanvegarhlaup í Mývatnssveit dagana 23.-25. maí 2018. Hlaupið sjálf fer fram föstudaginn 25. maí og fer undirbúningur fram hina dagana. Líklega verður lokað fyrir skráningu þegar það eru um 30-40 manns búnir að skrá sig. Er upphafspunktur við Jarðböðin í Mývatnssveit, farið verður um göngustíga í gegnum Vogaland og endar við Dimmuborgir. Hlaupið fer fram á göngustígnum og gert er ráð fyrir að það taki um 1 klst. Merkja þarf hlaupaleiðina. Farið verður eftir hlaupaleiðinni að hlaupi loknu til að gæta þess að rask sé í lágmarki og það sé lagað ef þarf og rusl fjarlæggt. Þrír starfsmenn koma að verkefninu og ekki er þörf á uppsetningu salernisaðstöðu og ekki verður þörf á notkun vélknúinna ökutækja innan friðuðu svæðanna.

#### **Áhrifamat:**

Svæðið sem viðburðurinn nær yfir skartar merkjum jarðminjuna s.s. gígaröð Hverfjallselda og Dimmuborgum. Umhverfisstofnun telur viðburðinn ekki líklegan til að valda skemmdum á hraunmyndunum enda skal stígum fylgt í hvívetna.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir utanvegar hlaup í Mývatnssveit frá Jarðböðunum að Dimmuborgum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hlaupaleið skal merkt með litlum flöggum, eða sambærilegu fyrirkomulagi, sem fjarlægð verða að hlaupi loknu. Ekki er heimilt að nota efni, s.s. sprengi eða málningu, við merkingu hlaupaleiða.


- Tilkynna skal til Umhverfisstofnunar hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu.
- Verði breytingar á tímasetningu verkefnis skal það tilkynnt til Umhverfisstofnuna með að minnsta kosti 5 daga fyrirvara, sé þess kostur. Að öðru leiti eins fljótt og auðið er.
- Allur akstur utan vega er bannaður.
- Einungis skal farið eftir á merktum göngustígum.
- Þess skal gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir að hlaupi loknu. **Umferð starfsfólks verkefnisins takmarkast við vegi og göngustíga. Ekki skal farið inn á gróðursvæði þar sem umgangur er líklegur til að valda skemmdum.**
- Starfsmenn og þátttakendur hlaupsins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask og þess gætt að allt rusl verði fjarlægt.
- Kynna skal fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

Umhverfisstofnun bendir á að leyfi landeigenda þarf fyrir viðburðinum.


**Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi á friðlýstum svæðum á grundvelli 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir starfsemi og framkvæmdir á friðlýstum svæðum er 39.400 kr. sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Virðingarfyllt



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri



Davíð Örvar Hansson  
Sérfræðingur